



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti  
b.t. skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðamála  
[hvin@hvin.is](mailto:hvin@hvin.is)

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 8. nóvember 2023

## Efni: Umsögn um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsögn um um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006. Frumvarp þetta er samið í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Með frumvarpinu er ætlunin að lögfesta heimild háskóla til að bjóða upp á svokallað örnám til námseininga. Einnig er frumvarpinu ætlað að færa reglur um prófgráður og námsframboð háskóla nær þeim viðmiðum og þeim hæfniramma sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða. Sá hæfniramma byggir á Bologna samstarfinu sem myndar evrópska háskólasvæðið (EHEA). Samtökin fagna áherslum stjórnvalda hvað þessi mál varðar. Mikilvægt er fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt kerfi fyrir sí- og endurmenntun sem mætir þörfum atvinnulífs og almennings.

Íslenskur iðnaður og íslensk fyrirtæki vantar fagmenntaða starfsmenn. Í könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla- og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði frá 2023, kom t.d. fram að 52% iðnfyrirtækja skortir starfsfólk með ákveðna færni eða menntun. Það er könnunin leiddi það skýrt í ljós að það vantar fleiri fagmenntaða starfsmenn.

### Tækifærin fyrir fagháskólastig eru gríðarleg

SI vilja einnig koma á framfæri mikilvægi þess að atvinnulíf, stjórnvöld og menntastofnanir vinni áfram að því að koma á fót fagháskólastigi með atvinnutengd lokamarkmið.

Íslenskt menntakerfi, verður að vera sveigjanlegt enda skapa þær öru samfélagsbreytingar sem nú eiga sér stað stöðuga þörf fyrir endurnýjun þekkingar í atvinnulífinu. Lausnin liggur oft í styttri og sérhæfðari námsleiðum eins og fagháskólastigi var ætlað að auka framboði á. Skýr og skilmerkilegur lagalegur rammi um örnám í gegnum fagháskólastig gefur einstaklingum á vinnumarkaði færi á að auka hæfni sína og fá hana viðurkennda m.a. með því að háskólar bjóði upp á starfstengt fagháskólanám sem mætir þörfum nemenda og atvinnulífs.

Virðingarfyllt,

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir  
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum